

FUNDARGERÐ

372. fundur stjórnar Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni, var haldinn 5. apríl 2016 kl. 9.30 í fundarsal FEB að Stangarhyl 4.

Mættir voru: Þórunn Sveinbjörnsdóttir, Brynjólfur Sigurðsson, Ellert B. Schram, Guðrún Árnadóttir, Helgi Pétursson, Hrafn Magnússon, Anna Þrúður Þorkelsdóttir, Ragnhildur G. Guðmundsdóttir, og Gísli Jafetsson sem ritaði fundargerð. Fjarverandi: Erna Indriðadóttir og Reynir Vilhjálmsson.

Þetta gerðist:

Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

1. Lóðin í Árskógum

GJ fór yfir bréf/erindi sem fór til borgarráðs vegna úthlutunar lóðar við Árskóga til FEB. Erindið var síðan samþykkt á fundi ráðsins 2. apríl. Flest öll atriði er snerta lóð og fjármögnun fyrirhugaðrar byggingar yfirfarin m.a. bréf LÍ.

2. Árskógar félagsstarf og FEB

Formaður fór lauslega yfir til upprifjunar þær viðræður sem féalgið hefur átt við borgina um meira samstarf/styrk við FEB líkt og í nágrannasveitarfélögum. Dreift var drögum að „SAMNINGI um aðstöðu og rekstur félagsstarfs eldri borgara í Árskógum 4“. Stefnt er að FEB taki við rekstrinum 1. maí n.k. sem er jú ekki langt undan eins og formaður orðaði það. Stjórnarfundur verður haldinn fljótlega í aðstöðunni í Árskógum þar sem stjórnarmenn geta skoðað húsnæðið og kynnt sér starfið.

3. Grái herinn næstu skref og hvað næst

Helgi P. fór yfir stefnuýfirlýsingu Gráa hersins sem sett er fram sem umræðugrundvöllur. Hlutverk GH er fyrst og fremst að breyta orðræðunni. Fundur GH er boðaður laugardaginn 9. apríl kl. 10.30. Þar verða settir upp hópar til frekari mótunar á stefnu og sýn. Í stefnuýfirlýsingu GH koma fram áherslur FEB í gegnum árin. Rætt var um starf GH innan FEB og er mönnum er fullljóst að skoðanir geti og þurfi ekki alltaf að fara saman. Verkefnið er stórt en aðalatriðið er að minna á að við erum afl. Samþætta þarf starfsemi GH og kjararáðs FEB.

4. Kjaranefnd FEB

Ekki hefur verið valinn formaður í nefndina eftir brotthvarf Björgvins G.

5. Félagsmál og sumarferðir

Ferðir sumarsins og félagsstarfið yfirfarið.

6. 30 ára afmælið og fundur í maí

Ráðgert er að halda fjóra fundi á afmælisárinu. Fyrsti fundurinn tókst vel og stefnt er að næsta fundi eftir miðjan maí og síðan fundi í haust/vetur.

7. Félagsblaðið

Staðan á næstu útgáfu yfirfarin.

8. Önnur mál

- Umræða um vistunarmatsnefnd og þörf á endurnýjun þar.

Fleira ekki skráð og fundi slitið kl. 11.05.